



Hvað gerir
stéttarfélagið
fyrir þig?



Alþýðusamband Íslands

Til hvers eru stéttarfélög?

Helsta verkefni stéttarfélaga er gerð kjarasamninga sem tryggja öllum lágmarksréttindi á vinnumarkaði. Með kjarasamningum er stöðugt unnið að því að verja og auka réttindi launafólks.

Stéttarfélög sinna auk þess margvíslegri þjónustu við félagsmenn sína. Hjá þeim getur þú fengið upplýsingar og aðstoð vegna launaútreikninga og kjaramála, sótt námsstyrki, leigt orlofshús, fengið greiðslur vegna langvarandi veikinda og stuðning við að koma til vinnu eftir erfið veikindi. Stéttarfélögin veita einnig lögfræðiaðstoð vegna ágreinings við atvinnurekanda.

Starf stéttarfélaganna hefur skilað miklum árangri

Stéttarfélögin hafa með starfi sínu tryggt launafólki kjör og réttindi sem eru allt önnur og betri en áður var. Saman hafa þau frá upphafi verið leiðandi í uppbyggingu velferðarkerfisins og berjast sífellt fyrir bættu samfélagi með hagsmuni launafólks og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi.

Í dag er allur þorri launafólks (85%) í stéttarfélagi. Við erum sterk saman.

Stuðningur í kjara- og réttindamálum

Félagsgjaldið er hlutfall af launum (0,7%) og ákvarðast af félagsmönnum viðkomandi félags á aðalfundum stéttarfélaganna. Samkvæmt kjarasamningum og lögum ber atvinnurekanda að halda eftir iðgjaldi til stéttarfélags og skal það koma fram á launaseðli.

Iðgjaldið er notað á margvíslegan hátt í þágu launafólks og tryggir því m.a.:

- Upplýsingar um réttindi og skyldur.
- Aðstoð ef upp kemur ágreiningur á vinnustað.
- Lögfræðiaðstoð tengda kjaramálum, t.d. við innheimtu launa.
- Aðstoð við útreikninga á launum.
- Aðstoð við gerð ráðningarsamninga og túlkun þeirra.
- Aðstoð við túlkun kjarasamninga.
- Kjarasamning um lágmarksréttindi – ekki bara um laun heldur margvísleg önnur kjör og réttindi þ.m.t. veikinda- og orlofsrétt, uppsagnarfrest og viðamiklar tryggingar.

Heilsutengdur stuðningur og dagpeningar

Sjúkrasjóðir stéttarfélaganna veita félagsmönnum sínum margvíslegan stuðning:

- Sjúkradagpeninga (90% af launum) í 4 mánuði vegna veikinda eða slyss eftir að greiðslur hættu frá atvinnurekanda.
- Dagpeninga (90% af launum) í 3 mánuði vegna langveikra og alvarlega veikra barna.
- Dagpeninga (90% af launum) í a.m.k. 3 mánuði vegna alvarlega veikinda maka.
- Dánarbætur.
- Styrk vegna sjúkraþjálfunar, heilsuræktar, gleraugnakaupa, dvalar á heilbrigðisstofnun, heyrnartækjakaupa, sálfræðimeðferðar og margt fleira.

Námsstyrkir

Vilji starfsmenn auka menntun sína er hægt að sækja um náms- og námskeiðsstyrki úr menntasjóði stéttarfélagsins. Þá eru í boði styrkir vegna tómsundastarfsemi.

Sumarhús, orlofsíbúðir og frístundastarfsemi

Orlofsjóður rekur orlofshús og veitir styrki til ferðavagnaleigu og til kaupa á orlofsferðum, veiðikorti og útilegukorti.

Starfsendurhæfing

Ef þú hefur lent í alvarlegum veikindum eða slysi og hefur ekki sömu starfsgetu og áður aðstoðar VIRK-starfsendurhæfingarsjóður eða ráðgjafar stéttarfélagsins þig við að efla færni þína og vinnugetu á ný.

Aðild að stéttarfélagi borgar sig

Flest launafólk ver u.þ.b. helmingi af vökutíma sínum í vinnunni. Stéttarfélagið er mikilvægur bakhjarl þinn á vinnumarkaði. Á stundum þegar allt leikur í lyndi léttir félagið undir með þér hvort sem þú leitar upplýsinga um kaup og kjör, þarft ný gleraugu, ætlar á námskeið, kaupa kort í ræktina eða langar í sumarbústað.

Mikilvægi öflugss bakhjarls er þó mest þegar á móti blæs eins og við atvinnumissi, veikindi eða slyss eða ef upp kemur alvarlegur ágreiningur á vinnustað. Þá er ómetanlegt að eiga öflugan bandamann þar sem stéttarfélagið þitt er.

Aðild að stéttarfélagi er ódýr en öflug trygging þar sem þú færð mikið fyrir peninginn.

Kannaðu rétt
þinn hjá þínu
stéttarfélagi!



Alþýðusamband Íslands



Borgartúni 30 - sími 535 6000
www.fit.is - fit@fit.is